



S. Carl Löve, Bréf til Bjarna 9. Júní og 8. Júlí 1936 varðandi umsókn hans um húsnæði

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Byggingarfélag Alþýðu – Húsnæðiskaup – Carl Löve

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 4

Afrit.

Afþent með 22/9. '36

Bj. Þen.

Reykjavík, 9. júní 1936.

Eins og háttvirtu bæjarráði er kunnugt er ég einn meðal þeirra, sem sótt hafa um að fá keypta eina priggja herbergja íbúð í húsum þeim, sem Byggingarfélag Alþýðu hefir ákveðið að hefja byggingu á í summar, og er nú þegar byrjað á að grafa fyrir grunni undir. Sótti ég um kaup íbúðabinnar á tilsettum tíma, og um leið gat ég þess, að ég mundi geta greitt fyrstu afborgun af íbúðinni og óskaði jafntframtað eftir vinnu við bygginguna handa Guðmundi syni mínum og skýrði þá einnig frá því að vinna han gengi til heimilisins. Síðar mætti ég svo á skrifstofu formanns félagsins, samkvæmt auglysingu hans eða stjórnar félagsins, og heimilaði honum að kynna sér hjá skattstjóra skattframtað mitt þrjú síðustu ár. Fékk ég svo ekkert svar við umsókn minni, en frétti hins vegar á skotspónum, að óðum væru þeir menn sem rétt hefðu til kaupa á íbúðunum að greiða fyrstu framlög sín, og þar sem hafði áður tilkynt formanni, að ég mundi geta greitt fyrsta framlag mitt, og vissi hins vegar að réttur minn til þess að fá íbúðina keypta varð ekki rengdur.

Hinn 5. p.m. fór ég á skrifstofu félagsins við Bræðraborgarstíg 47, til þess að afhenda þar þessa fyrstu greiðslu mína í íbúðinni. Hitti ég þar mann, sem var að veita slíkum greiðslum viðtöku, og bauð fram peningana. En þá skeði það ótrúlega, sem sé það, að hann neitaði að veita greiðslu frá mér móttöku, sagðist gjöra það samkvæmt fyrirskipun formanns ~~síms~~ félagsins, Héðins Valdimarssonar, sem hefði gefið sér þá fyrirskipun að veita ekki greiðslu frá mér móttöku, nema með því skilyrði, að ég um leið setti tryggingu fyrir síðari greiðslum. Þessu gerriði mótmælti ég í votta viðurvist og krafðist þess réttar sem ég ætti til kaupa á íbúðinni, svo fremi ég gæti látið ábyrgð þessa í té, og að því rannsókuðu, hvort öðrum hefði verið sett slikt skilyrði.


Það eru því vinsamleg tilmæli míni til háttvirts bæjarráðs,

1. að það rannsaki tafarlaust hvort öðrum en mér hafa verið settir sömu kostir (að setja tryggingu fyrir síðari greiðslum íbúðanna),
2. að bæjarráðið sjái um að mér verði veitt sú vinna við byggingarnar, sem mér ber í réttum hlutföllum við aðra sem greiða þurfa framlög sín með vinnu,
3. að bæjarráðið sjái svo um, að þessi talsmaður og vinur okkar fá-tæklinganna, Héðinn Valdimarsson, bæði hér í þeim og út um alt land, verði ekki láttinn komast fram með að framkvæma þetta ranglæti, í þessu efni, hvorki við mig né aðra, og óska ég eftir heiðruðu svari yðar sem fyrst, þar sem ég tapa þarna vinnu handa syni mínum við hvern dag sem liður, enda másk leikurinn til þess gerður að torvelda mér á þann hátt greiðslurnar.

Virðingarfylst.

S. Carl Löwe.

Til. bæjarráðs Reykjavíkur.



Reykjavík, 8. júlí 1936.

Hr. professor Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

Samkvæmt auglýsingu í Alþýðublaðinu í vor, frá Byggingarfjelagi Alþýðu, um umsóknir frá meðlimum félagsins, um að fá íbúðir keyptar, af íbúðum þeim, sem nefnt félag hafði ákveðið að byggja árið 1936-37. Og sem félagi í nefndu félagi sótti ég um að fá keypta eina 3ja herbergja íbúð, og í þeirri umsókn tók ég því fram, að ég myndi geta greitt tilskylda fyrstu afborgun, og einnig óskaði ég eftir vinnu handa Guðmundi syni mínum, sem hafði boðið mér að vinna þá vinnu, sem félli í minn hlut. Nokkru síðar mætti ég svo á skrifstofu formanns félagsins, Héðins Valdimarssonar, samkvæmt auglýsingu frá honum eða félagsstjórninni, til þess að gefa honum heimild til að skoða skattaframtöl míni þrjú hin síðustu ár, til þess að hann gæti fullvissað sig um að eignir mínar og tekjur ~~xx~~ hefðu ekki þessi ár verið meiri en svo, að ég ætti rétt á að fá keypta íbúð þess vegna, Leið svo timinn að ég fékk ekkert svar, en er ég heyrði að farið væri að greiða innborganir á fyrstu greiðslu íbúðanna, kom mér til hugar að fara á skrifstofu félagsins og bjóða fram greiðsluna, þar sem mér pótti grunsamlegt um að fram hjá mér ætti að ganga, um að selja mér íbúð. Kom ég á skrifstofuna á þeim tíma, sem maður sá er þar var staddir fyrir félagsins hönd, var að taka á móti greiðslum í sama skyni, en eins og meðfylgjandi vottorð sýnir, neitaði hann að taka á móti greiðslu frá mér, og með þeim formála sem í vottorðinu getur, en ég var þess fullviss að stjórn félagsins hafði - að líkendum - ákveðið að bæja mér frá því, að fá íbúð keypta, skrifaði ég bæjarráði, og fór þess á leit að það aðstoðaði mig um að leyfa ekki form. félagsins að sýna mér neitt óréttlæti í þessu efni, sem og að grenslast eftir því, hvort öðrum en mér hefðu verið settir þeir kostir um ábyrgð ~~xx~~ fyrir síðari greiðslum, sem mér voru settir - samkvæmt meðfylgjandi áður umgetnu vottorði - mun bæjarráð hafa falið bæjarráðsmanni Jakob Möller að athuga hvort þorum en mér hfeði verið sett skilyrði um ábyrgð fyrir síðari greiðslum, og ef ég man rétt mun form. félagsins, Héðinn Valdimarsson, hafa tjáð honum, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að ég fengi íbúð keypta, ef trygginarskilyrðið yrði uppfylt, og mun hr. Jakob Möller hafa getið þess við formann félagsins, að þessa ábyrgð myndi ég geta látið í té eftir næsta framfærslunefndarfund, n.k. fimtudag. Þess skal getið hér, að samtal það sem hr. Möller átti við formann félagsins mun hafa átt sér stað, næsta laugardag eftir

ofangreindan bæjarráðsfund, sem haldinn var á föstudag. En nú skeði það merkilega í málí þessu, að næsta þriðjudag eftir samtala þeirra Héðins og hr. Jakobs Möller, fékk ég bréf, dags. á manudaginn, frá ritara félagsins, um að þar sem tímá sá væri liðinn, sem mér hefði verið settur til þess að túvega tryggingu fyrir síðari greiðslunni, væri íbúðin öðrum seld, og gæti ég því ekki fengið íbúð keypta að þessu sinni.

Eins og ég hefi áður skýrt frá, hef ég ekkert svar fengið frá stjórn Byggingarfélags Alþýðu, viðumsókn minni, og því síður neitt tímatakmark fyrir því hvenær sú ábyrgð, sem form. félagsins hafði sett mér fyrir kaupum á íbúð, annað en það, sem meðfylgjandi vottorð skýrir frá, og er því umsögn ritara félagsins, um að sá tímá, sem mér hafi verið settur, til þess að túvega ábyrgð fyrir síðari greiðslum af íbúðinni, væri liðinn, ósannindi ein, eða það sem verra er. Ofangreint bréf frá ritara félagsins Guðmundi Péturssyni liggur hjá fátækrafulltrúum bæjarins og vísast yður á það par.

Hr. professor, af ofangreindum ástæðum óska ég þess fastlega, að þér, sem kosinn eftrilitsmaður, af bæjarins hálfu, með því sem gerist í byggtingarmálum Byggingarfélags Alþýðu, sem og öðru því er félagið framkvæmir, aflið yður sannra upplýsinga um framkomu stjórnar félagsins gagnvart mér, og réttið hluta minn, ef mér hefur verið sýnt óréttlæti, og það svo, að úr því verði skorið, hvort bærinn, sem leggur stórfé til bygginganna, hafi ekkert um það að segja, þó að einhver klika, sem olbogað hefur sig upp í stjórn félagsins, að eigin vild megi beita pólitiskri hlutgrægni og óþokkaskap, við þá, sem stjórninni eru að einhverju leyti óþægir, án þess að bærinn hafi þar nokkuð um að segja.

Pá vil ég einnig óska aðstoðar yðar og bæjarins um að fá - fái ég ekki íbúð keypta nú, sem mér þó tvímælalaust ber - Byggingarfélag Alþýðu þvingað til þess - með dómsúrskurði - að greiða mér skaðabætur fyrir at-vinnutjón það er ég kann að verða fyrir, vegna vinnutaps við byggingarnar, sem og að krefja félagið þess mismunar á húsaleigu þeirri, sem ég nú greiði fyrir þriggja herbergja íbúð, og þeirri húsaleiga, sem ég mundi greiða fyrir sömu íbúð (3ja herbergja) í húsum Byggingarfélags Alþýðu, frá þeim tíma að þær byggingar, sem nú er áformað að byggja, verða afhentar eigendum þeirra til íbúðar, og til þess tíma að mér gefst kostur á að fá íbúð keypta, þegar félagið byggir þessu næst.

Með mikilli virðingu.

S. Carl Horie
Frannsveg 16.